

## ENDURSKOÐUNARNEFND

Ár 2022, mánudaginn 10. október var haldinn 252. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn að Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík og hófst kl. 13:10. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Lárus Finnbogason, Sunna Jóhannsdóttir og Sigrún Guðmundsdóttir. Einar S Hálfðánarson tók sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. málsl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Fundarritari var Hallur Símonarson.

### Þetta gerðist:

#### 1. Rætt um útboð ytri endurskoðunarþjónustu IE22090014

Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar:

Eitt af meginverkefnum endurskoðunarnefndar er að setja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðanda. Ytri endurskoðunarþjónusta hefur verið unnin á grundvelli ákvörðunar borgarráðs og stjórnar félaga innan B hluta í júlí 2012 um að fara í sameiginlegt útboðsferli á endurskoðunarþjónustu. Sú ákvörðun var endurnýjuð á árinu 2018. Gildistími verksamnings um ytri endurskoðunarþjónustu frá árinu 2018 milli Reykjavíkurborgar og eininga sem teljast til B-hluta sveitarfélagsins skv. 2. tl. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 annars vegar og endurskoðunarfyrirtækisins Grant Thornton hins vegar um endurskoðunarþjónustu rennur út í árslok 2022. Í ljósi þess vekur endurskoðunarnefnd athygli á því að borgarráð fyrir hönd Reykjavíkurborgar og stjórnir eftirtalinna félaga sem eru aðilar að verksamningi þessum þurfa að taka ákvörðun um að efna til útboðs að nýju á endurskoðunarþjónustu:

- Samstæða Orkuveitu Reykjavíkur sef., þ.e. samstæða, móðurfélag OR og dótturfyrirtækin:
  - OR eignir ohf.,
  - Veitur ohf.,
  - Orka náttúrunnar ohf,
  - ON Power ohf,
  - Ljósleiðarinn ehf.,
  - Orkuveita Reykjavíkur – Vatns- og fráveita sf.,
  - Reykjavík Energy Invest ehf.,
  - Úlfjótsvatn frítímabyggð ehf.,
  - Carbfix ohf.
- Félagsbústaðir hf.
- Faxaflóahafnir sf.
- Jafnlaunastofa sf.
- Þjóðarleikvangur ehf.
- Íprótta- og sýningarhöllin hf.
- Malbikunarstöðin Höfði hf.
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, samstæða og dótturfyrirtæki SHS Fasteignir.
- Sorpa bs.
- Strætó bs.
- Aflvaki hf

#### 2. Rætt um eftirfylgni með ábendingum ytri endurskoðenda í samræmi við hlutverk endurskoðunarnefndar. IE22100006

Endurskoðunarnefnd samþykkir að senda fyrirspurn til stjórnenda um viðbrögð við ábendingum ytri endurskoðenda og óskar eftir að svör verði veitt fyrir 1. desember nk.

#### 3. Lagt fram ódags. minnisblað stjórnenda Faxaflóahafna um úrbætur við ábendingum í úttekt IER – Stjórnkerfi upplýsingaöryggis og upplýsingakerfa IE21090027

Friðrik Þór Hjálmarsson og Gunnar Tryggvason hjá Faxaflóahöfnum ásamt Ingunni Ólafsdóttur og Arnari Frey Guðmundssyni hjá Innri endurskoðun og ráðgjöf taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 14:10 yfirgaf Einar S. Hálfánarson fundinn
- 4. Rætt um vinnu við starfsskýrslu endurskoðunarnefndar fyrir 2021-2022 IE22050004

**Fundi slitið kl. 14:58**

Lárus Finnbogason  
Sunna Jóhannsdóttir

Sigrún Guðmundsdóttir